

Miðvikudaginn 17. janúar 1968.

Nr. 28/1967. **Kjartan Blöndal** (Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
 gegn
Jóni Þór Ólafssyni (Agnar Gústafsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds,
 Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann
 Snævarr.

Skuldamál. Kröfuframsal.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1967 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi keypti hinn 4. marz 1959 bifreiðina R 5910 af Ásgeiri Karlssyni. Samstundis og á staðnum keypti Ásgeir Karlsson bifreiðina R 7198 af stefnda. Áfrýjandi innti af hendi m. a. upp í andvirði bifreiðarinnar R 5910 tvo „víxla“, hvorn að fjárhæð kr. 15.000.00, sem Svavar Sigurðsson hafði samþykkt, en „víxlarnir“ voru þá óútgefnir. Voru „víxlar“ þessir látnir renna beint til stefnda til lúkningar á andvirði bifreiðarinnar R 7198. Gögn málsins bera greinilega með sér, að hvorki Ásgeir Karlsson né réttartaki hans, stefndi, hafi tekið við nefndum „víxlum“ á hendur Svavari Sigurðssyni sem fullnaðargreiðslu á kröfum sínum vegna kaupanna án tillits til greiðslugetu Svavars. Eðlilegastur skilningur á framkomu Ásgeirs Karlssonar fyrr og síðar er sá, að hann hafi í verki framselt stefnda kröfur sínar á hendur áfrýjanda vegna þess, að „víxlarnir“ kynnu að reynast óinnheimtanlegir. Þykir mega leggja dóm á þessar málsástæður, þótt umboðsmenn aðilja hafi eigi haft þær uppi í málflutningi, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem Svavar Sigurðsson hefur eigi

reynzt borgunarmaður fyrir „víxlunum“, hefur áfrýjandi enn eigi staðið að sama skapi skil á því andvirði bifreiðarinnar R 5910, sem renna átti beint til stefnda til lúkningar á viðskiptum hans og Ásgeirs Karlssonar.

Niðurstaða þess, sem rakið var, er sú, að staðfesta ber héraðsdóminn.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kjartan Blöndal, greiði stefnda, Jóni Þór Ólafssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. janúar 1967.

Aðiljar og dómkröfur. Stefnandi máls þessa er Jón Þór Ólafsson framreiðslumaður, Álfheimum 30 hér í borginni. Stefndi er Kjartan Blöndal framkvæmdastjóri, Otrateigi 24. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 30.000.00 auk 6% vaxta p. a. af kr. 15.000.00 frá 20. apríl 1959 til 15. maí sama ár, en af kr. 30.000.00 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, 10% vaxta p. a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til 29. desember 1960 og 9% vaxta p. a. frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Rekstur málsins. Mál þetta er höfðað með sáttakæru, er birt var 16. desember 1961. Stefna var birt 28. febrúar 1962. Málið var þingfest 1. marz það ár. Það kom síðan fyrir 47 sinnum, síðast 14. október 1965, og var gagnaöflun lýst lokið þann dag. Á þremur af þeim þingum, sem hér um ræðir, voru gefnar munnlegar skýrslur um málavexti. Næst kom málið fyrir 19. september 1966, og skyldi þá fara fram munnlegur flutningur. Úr því varð ekki, en vitni gaf skýrslu á þingi þessu. Hinn 22. september var málið tekið fyrir og ákveðið, að frekari gagnaöflun skyldi fara fram. Þingað var í málinu 18. október, 25. október og 27. október og því þá lýst yfir aftur, að gagnaöflun væri lokið. Málið var

munntega flutt og dómtekið 1. nóvember, en daginn eftir var kveðinn upp úrskurður og aðiljum gefinn kostur á enn frekari gagnaöflun. Eftir það hefur verið þingað 7 sinnum í málinu. Á þingi, sem háð var 19. desember, var málið munntega flutt og dómtekið. Alls hefur mál þetta því verið tekið fyrir 62 sinnum á bæjarþingi að þinghaldinu í dag meðtöldu.

Málavöxtum lýsir stefnandi þannig, að 4. marz 1959 hafi hann selt manni, sem Ásgeir Karlsson heitir, bifreiðina R 7198. Kaupverðið kveður hann Ásgeir hafa greitt, meðal annars með tveimur víxlum, sem hvor um sig var kr. 15.000.00 að fjárhæð. Samþykkjandi var maður að nafni Svavar Sigurðsson, en víxlarnir voru ekki útgefnir. Stefnandi skýrir svo frá, að fyrrnefndur Ásgeir Karlsson hafi selt stefnda í máli þessu bifreiðina R 5910, um leið og Ásgeir keypti af stefnanda. Skýrir stefnandi svo frá, að stefndi hafi greitt Ásgeiri með víxlunum tveimur og hafi afhending þeirra farið fram beint frá stefnda til stefnanda. Stefnandi kveðst hafa beðið stefnda að skrifa á víxlana sem ábyrgðarmann, en hann kveður stefnda hafa sagt, að það væri alveg óþarfi, þar sem samþykkjandinn væri „gulltryggur maður“. Stefnandi kveðst síðar hafa komizt á snoðir um, að stefnda hafi verið vel um það kunnugt, að samþykkjandinn var algerlega eignalaus maður og ógjaldfær, enda hafi hvorugur víxillinn fengizt greiddur. Í málinu hefur verið lagður fram dómur þessa bæjarþings í máli nr. 179/1959, en með honum er Svavar Sigurðsson dæmdur til að greiða Jóni Þór Ólafssyni víxil pr. 20. apríl 1959 að fjárhæð kr. 15.000.00 auk vaxta og málskostnaðar. Dómur þessi hefur verið birtur Svavari. Þá hefur verið lagður fram í málinu víxill að fjárhæð kr. 15.000.00 pr. 25. maí 1959, samþykktur af Svavari Sigurðssyni. Stefnandi skýrir svo frá, að Svavar hafi ekkert greitt sér og hafi verið gert fjárnám hjá honum á grundvelli dómsins í máli nr. 179/1959, en það hafi reynzt árangurslaust.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi ekki verið beðinn að árita áðurnefnda víxla, sem hann kveðst hafa afhent Ásgeiri Karlssyni sem hluta af greiðslu fyrir bifreiðina R 5910. Stefndi neitar því, að honum hafi á þessum tíma verið um það kunnugt, að Svavar Sigurðsson væri ógjaldfær.

Reynt hefur verið að fá sem gleggstar upplýsingar um það, er gerðist 4. marz 1959, svo og um samskipti stefnda og Svavars Sigurðssonar fyrir þann tíma. Sem fyrr greinir voru þrívægis gefnar munntegar skýrslur um málavexti, áður en gagnaöflun var lýst lokið í fyrsta skipti. Þessar skýrslur voru gefnar 13. marz

og 25. október 1963 og 11. febrúar 1964. Aðrar skýrslur, sem fengizt hafa, hafa verið gefnar á þessum vetri, þ. e. rúmlega 7½ ári eftir að viðskipti þau fóru fram, sem málið er risið af.

Bifreiðaviðskiptin, sem áður voru nefnd, voru gerð í bifreiðasölunni Vagninum, er þá var starfrækt hér í borginni. Forstöðumaður hennar var Kristinn Finnbogason, búsettur að Úthlíð 16. Kristinn undirritaði ásamt Ásgeiri Karlssyni vottorð, sem dagsett er 7. marz 1962. Meginmál vottorðs þessa er þannig:

„Við undirritaðir, sem vorum viðstaddir, þegar hr. Kjartan Blöndal og hr. Jón Þór Ólafsson áttu orðaskipti út af víxlum þeim, sem Jón Þór Ólafsson fékk, vottum, að Kjartan Blöndal lýsti því yfir, að samþykkjandi nefndra víxla væri gulltryggur maður og væri því óþarfi að skrifa uppá þá. Þessi orð sagði Kjartan margoft, og erum við reiðubúnir að votta það með eiði“.

Kristinn hefur þrívægis gefið skýrslu á bæjarþingi. Hinn 25. október 1963 staðfesti hann vottorðið. Hann sagði, að viðskiptin hefðu verið rædd fram og aftur, áður en endanlega var frá þeim gengið. Ekki nefndi hann, að aðrir hefðu verið viðstaddir en þeir þrír menn, er að viðskiptunum áttu hlut, og hann sjálfur. Kristinn sagði, að stefndi hefði tekið fram, að hann hefði áður átt viðskipti við Svavar Sigurðsson, svo og það, sem áður er um getið, að öruggt væri, að víxlarnir yrðu greiddir. Enn fremur sagði Kristinn, að stefndi hefði afhent stefnanda víxlana beint, er viðskiptin voru gerð í bifreiðasölunni. Kristinn vann eið að framburði sínum 25. október 1963. Hann gaf næst skýrslu á bæjarþingi 5. fyrra mánaðar. Vegna tilefnis, sem gefizt hafði skömmu áður, var hann spurður, hvort haldnir hefðu verið tveir fundir um viðskiptin 4. marz 1959. Hann kvaðst eigi muna það, en hafa margreynt að ná tali af Svavari Sigurðssyni þennan dag, en án árangurs. Hins vegar sagðist Kristinn hafa náð tali af Svavari einum eða tveimur dögum síðar. Hefði Svavar þá sagzt hafa samþykkt víxlana tvo, en jafnframt tekið fram, að þeir hefðu verið teknir „ófrjálsri hendi í þessi viðskipti“ og verið ætlaðir til annars. Kristinn kvað Svavar hafa lýst því yfir í samtalinu við sig, að hann mundi ekki borga víxlana. Síðustu skýrslu sína gaf Kristinn Finnbogason á bæjarþingi 15. desember s.l., en þá fór fram sampröfun þeirra stefnda. Kristinn sagði, að hann myndi örugglega, að hann hefði beðið stefnda að skrifa á víxlana sem ábyrgðarmann, en stefndi hefði neitað því og sagt, að víxlarnir væru „gulltryggir“.

Áðurnefndur Ásgeir Karlsson undirskrifaði með Kristni Finn-

bogasyni vottorð það, sem tekið er upp hér að framan. Ásgeir kom fyrir dóm 11. febrúar 1964 og staðfesti vottorðið. Hann sagði, að á bifreiðasölunni hefði mikið verið talað um víxlana tvo og hefði verið farið fram á það við stefnda, að hann skrifaði á víxlana, en hann sagt, að samþykkjandinn væri gulltryggur maður. Hann kvað stefnanda hafa tekið við víxlunum beint úr hendi stefnda. Ásgeir vann drengskaparheit að framburði sínum. Ítrekaðar tilraunir hafa verið gerðar að undanfögnu til að fá Ásgeir Karlsson til að gefa frekari skýrslu á bæjarþingi, en þær tilraunir hafa engan árangur borið.

Þess er áður getið, að stefndi neitar því að hafa verið beðinn að gerast ábyrgðarmaður víxlanna. Hefur hann ítrekað þetta atriði margsinnis. Á bæjarþingi 13. marz 1963 neitaði stefndi því, að sér hefði verið kunnugt um það 4. marz 1959, að viðskipti sín við Ásgeir Karlsson væru tengd sölu stefnanda á bifreið hans, enda hefðu viðskiptin ekki farið fram í sama herbergi. Hins vegar sagðist stefndi hafa hitt stefnanda í móttökuherbergi í bifreiðasölunni, en ekki minnst þess, að hann hefði rætt biðreiðaviðskiptin við hann, þó að þeir hafi átt einhver orðaskipti. Stefndi kvað vottorð þeirra Kristins Finnbogasonar og Ásgeirs Karlssonar rangt. Næst gaf stefndi skýrslu á bæjarþingi 25. október s.l. Hann sagði þá, að það væri rétt, að Kristinn og stefnandi hefðu tekið sér frest til að kanna greiðslugetu Svavars Sigurðssonar. Loks gaf stefndi skýrslu 15. desember s.l. Þegar hann og Kristinn Finnbogason voru samprófaðir, ítrekaði hann enn fyrri frásögn um, að hann hefði ekki verið beðinn að skrifa á víxlana og að hann hefði ekkert um greiðslugetu Svavars Sigurðssonar sagt.

Hinn 19. september s.l. gaf Bjarni Pálmarsson hljóðfærasmiður vitnaskýrslu á bæjarþinginu. Kvaðst hann hafa farið með Ásgeiri Karlssyni til Kristins Finnbogasonar vegna viðskipta, sem stefndi átti hlut að. Ekki mundi Bjarni, hvort stefnandi var á bifreiðasölunni. Í þessari skýrslu kom það fram í fyrsta sinn, að þeir, sem hlut áttu að viðskiptunum, hefðu hitzt tvívegis þennan dag. Bjarni kvað Kristin hafa spurt stefnda, hvort hann vildi skrifa á víxlana, og sagði, að það hefði stefndi ekki viljað gera. Þá hefði Kristinn sagt, að hann þyrfti að athuga samþykkjandann betur, þess vegna hafi því verið skotið á frest að ganga frá viðskiptunum, en annar fundur verið haldinn síðdegis. Ekki sagðist Bjarni Pálmarsson muna eftir neinum sérstökum ummælum stefnda um greiðslugetu samþykkjanda víxlanna.

Um skýrslu stefnanda um það, er fram fór 4. marz 1959, er áður getið. Stefnandi kom fyrir dóm 13. marz 1959. Hann kvaðst ekki hafa óskað þess við Ásgeir Karlsson, að hann gæfi víxlana út, og ekki hafa krafist hann um bætur eða andvirði eftir gjald-daga þeirra.

Hér að framan hefur verið rakið það, er máli þykir skipta um viðskiptin 4. marz 1959 og fram hefur komið. Verður þá að víkja að því, sem vitað er um viðskipti stefnda og Svavars Sigurðssonar fyrir þennan dag.

Stefndi keypti leyfisbréf til heilðsöluverzlunar 28. nóvember 1956, og um það leyti, er atvik máls þessa gerðust, flutti hann inn vörur, þótt eigi sé ljóst, hvort það hefur verið í verulegum mæli. Fram er komið, að hann flutti inn nælonsokka frá Ísrael síðla árs 1958. Fyrir dómi hefur stefndi lýst yfir, að hann hafi ekki haft bókhald.

Svavar Sigurðsson mun um þessar mundir hafa verið sölu-maður. Hefur hann skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi tekið að selja vörur fyrir ýmsa aðilja 1956—1957, en áður hafi hann selt fyrir tiltekna verksmiðju. Hann kvaðst hafa selt sokka fyrir Kjartan Blöndal, stefnda í máli þessu, en aldrei nema í smáum stíl. Eigi kvaðst Svavar muna, hvenær hann seldi fyrst fyrir stefnda. Hann kvaðst aldrei hafa keypt sokka af honum. Ekki sagðist Svavar hafa verzlunarleyfi og ekki hafa fært bókhald eða bók yfir pantanir.

Það, sem nú hefur verið rakið eftir Svavari Sigurðssyni, kom fram í skýrslum, er hann gaf á bæjarþingi 18. október og 21. nóvember s.l. Um víxla þá, sem margnefndir hafa verið, sagði Svavar í þessum sömu skýrslum, að stefndi hefði fengið sig til að samþykkja þá á þeim forsendum, að stefndi mundi selja víxl-ana í Búnaðarbanka Íslands og þeir síðan nota andvirðið til að gera innkaup á sokkum. Kvað Svavar birgðir þær, er stefndi hafði, ekki hafa verið nægar, til að unnt væri að anna eftirspurn, og því hefði hann viljað eiga hlut að því, að birgðirnar væru auknar, enda hefði hann átt að fá aukinn ágóða með þessu móti.

Stefndi sagði á bæjarþingi 25. október s.l., að víxlarnir hefðu verið greiðsla fyrir sokka, sem Svavar hefði fengið hjá sér. Kvað hann rangt, að víxlarnir hefðu verið samþykktir í því skyni að útvega fé til vörukaupa fyrir félagsskap þeirra Svavars. Hann sagði Svavar hafa selt sokkana og hafa fengið andvirðið. Þessa skýrslu ítrekaði stefndi á bæjarþingi 25. nóvember s.l. Ekki kvaðst hann hafa fundið afrit af reikningum til Svavars.

Þess er áður getið, sem Svavar Sigurðsson sagði 18. október og 21. nóvember s.l. um störf sín fyrir stefnda. Þess er og að geta, að hann kvaðst hafa fengið upphringingu frá bílasölu og hefði sá, er hringdi, sem Svavar sagði, að sig minnti, að hefði verið Kristinn Finnbogason, spurt sig, hvort hann hefði samþykkt tvo tiltekna víxla. Svavar sagðist hafa játað því, en jafnframt hafa tekið fram, að þeir hefðu verið ætlaðir til sölu í banka. Sagðist hann hafa mótmælt því, að víxlarnir væru notaðir í bílaviðskiptum. „Hann kveður bílasalann hafa svarað því til“ segir í bókun 18. október, „að víxlar væru víxlar og að lokum hafi bílasalinn lagt símtólið á. Vitnið kveðst þennan dag og næsta dag hafa reynt að ná tali af Kjartani Blöndal, en án árangurs, en síðan hafa hætt því og ekki sinnt víxlunum á gjalddögum þeirra. Engar kærur kveðst vitnið hafa borið fram vegna víxlanna“.

Á bæjarþingi 15. desember s.l. kvaðst Svavar Sigurðsson telja, að hann hefði samþykkt víxlana 4. marz 1959, þótt hann gæti ekki fullyrt það. Kvað hann sig minna, að Kristinn Finnbogason hefði hringt til sín daginn eftir, eða a. m. k. skömmu síðar. Ekki sagðist Svavar muna, hvort útgáfudagur var skrifaður á víxlana, þegar hann samþykkti þá. Stefndi sagðist ekki geta fullyrt, hvenær Svavar samþykkti víxlana, en það hefði verið um svipað leyti og hann veitti honum peningalán, þ. e. í febrúarbyrjun 1959, svo sem síðar kemur fram. Stefndi kvaðst telja, að enginn útgáfudagur hefði staðið á víxlunum, þegar þeir voru samþykktir, og ekki kvaðst hann hafa ritað útgáfudag á þá.

Í skýrslu sinni 18. október sagði Svavar Sigurðsson enn fremur, að stefnda hefði verið kunnugt um, að fjárhagsástæður hans væru mjög bágar í marz 1959, enda hefði hann oft heimsótt sig. Þessu neitaði stefndi, þegar hann kom fyrir dóm á bæjarþinginu 25. október. Tók hann fram, að hann mundi ekki hafa tekið við víxlunum, ef hann hefði vitað, að Svavar var ógjaldfær. Stefndi sagði, að hann hefði ekki fyrr en þetta sinn selt Svavari vörur gegn víxlum, þó að þeir hefðu áður rætt saman um viðskipti. Ekki sagðist hann hafa kynnt sér fjárhag Svavars, áður en hann tók við víxlunum.

Þegar stefndi kom fyrir dóm 13. marz 1963, var m. a. bókað: „Aðspurður segist mætti ekki hafa átt aðrar kröfur á Svavar Sigurðsson en víxla þessa, hvorki á undan né eftir“.

Þegar stefndi kom fyrir dóm á bæjarþingi 25. nóvember s.l., skýrði hann hins vegar að gefnu tilefni frá lögmanni stefnanda,

Agnari Gústafssyni hæstaréttarlögmanni, svo frá, að hann hefði kært Svavar Sigurðsson vegna tékka, sem innstæða var eigi fyrir. Um þetta atriði var síðan aflað gagna, og kom þá fram það, er nú skal rakið í stuttu máli: Hinn 8. maí 1959 kom Kjartan Blöndal til rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík og óskaði aðstoðar hennar til að fá greiddar kr. 22.500.00, sem hann kvaðst hafa lánað Svavari Sigurðssyni 3. febrúar 1959. Jafnframt sagðist hann hafa fengið hjá Svavari tékka á hlaupareikning í Bún- aðarbanka Íslands að fjárhæð kr. 22.500.00. 15. maí kom Svavar á skrifstofu lögreglunnar vegna máls þessa. Honum var sýndur tékkinn, og kannaðist hann við að hafa gefið hann út. Svavar sagðist hafa fengið 22.500.00 kr. lánaðar hjá Kjartani í september eða október 1958 og jafnframt hafa látið hann fá tékka fyrir sömu upphæð. Að ósk Kjartans kvaðst hann hafa skrifað sömu upphæð. Að ósk Kjartans kvaðst hann hafa skrifað nýja ávísun 3. febrúar 1959. Hann sagði, að Kjartani hefði verið kunnugt um, að innstæða var ekki fyrir hendi, svo að tékkinn hefði verið „aðeins skuldarviðurkenning“. Hann sagðist alls ekki hafa lofað að hafa innstæðu fyrir henni fáum dögum eftir útgáfuna. Í viðtali við rannsóknarlögreglumann síðar ítrekaði stefndi í máli þessu, að tékki sá, sem hér um ræðir, hefði verið gefinn út 3. febrúar vegna láns, sem þá hefði verið veitt. Hið sama sagði hann á bæjarþingi 15. desember s.l. Á því þingi gaf Svavar skýrslu, og þykir rétt að taka orðrétt upp úr henni eftirfarandi, sem bókað var, eftir að Svavari hafði verið sýnt ljósrit tékkans, sem út var gefinn 3. febrúar 1959:

„Svavar segir tékkann hafa verið gefinn út til tryggingar vör- um, sem hann var að selja og hafði fengið afhentar frá stefnda. Hann kveðst hafa haft umboð til að afhenda vöruna og kveðst hafa fengið vörur til þess. Svavar er spurður, hvort dæmi hafi verið um, að hann hafi einungis safnað pöntunum fyrir stefnda, sem síðan hafi sjálfur afhent vöruna. Svavar kveðst ekki muna það nákvæmlega, en hann hafi afhent Kjartani víxla og peninga, sem vörurnar voru greiddar með. Tékkinn hafi verið gefinn út, þar sem þeir hafi lítið þekkt. Svavar kveðst ekki muna, hvenær hann tók við vörum til sölu fyrir stefnda í fyrsta sinn. ... Hann ítrekar, að viðskipti þeirra hafi hafizt fyrir febrúar 1959“.

Á tékka þann, sem hér um ræðir, er stimplað, að hann hafi verið sýndur 28. febrúar 1959 kl. 1100 í bankanum, en innstæða hafi þá ekki verið næg á hlaupareikningnum. Á bæjarþingi 15.

desember s.l. kvað stefndi rétt, að hann hefði vitað 3. febrúar 1959, að innstæða var þá ekki fyrir tékkanum. Svo fór, að mál Svavars vegna tékkans var tekið fyrir í sakadómi 6. ágúst 1959, og þar samþykkti hann að greiða 2.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs vegna brots á 261. gr. almennra hegningarlaga auk sakarkostnaðar og tékkafjárhæðarinnar, allt fyrir 1. október þess árs. Með úrskurði, sem kveðinn var upp í skiptarétti Reykjavíkur 26. október 1962, var bú Svavars Sigurðssonar tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota. Gjaldþrotameðferð var felld niður 28. júní 1963. Lýst var kröfum að upphæð kr. 78.040.13, en engar eignir voru í búinu.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnda hafi ber-sýnilega verið ljóst eða mátt vera ljóst, að fjárhagur Svavars Sigurðssonar hafi verið mjög bágborinn vorið 1959. Engu að síður hafi hann lýst því yfir, að Svavar væri „gulltryggur maður,“ og stefnandi því tekið við áðurnefndum víxlum frá honum og hafi stefndi því bakað stefnanda tjón. Er talið af hálfu stefnanda, að stefndi hafi beitt svikum og vegna þess eigi stefnandi kröfu þá, sem um er fjallað í málinu. Er til stuðnings því vísað til 30. gr. laga nr. 7/1936.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekkert réttarsamband hafi stofnast milli aðilja málsins hinn 4. marz 1959. Þeir hafi ekki átt viðskipti um bifreiðar og ekkert annað gerzt, sem slíkt samband hafi skapað. Beri því að sýkna stefnda þegar af þeirri ástæðu, að hann eigi ekki aðild í málinu.

Þá er sýknukrafa stefnda einnig rökstudd með þeim hætti, að engum svikum hafi verið beitt. Því er haldið fram, að stefnandi og aðrir, sem stóðu að bílaviðskiptunum 4. marz 1959, hafi átt þess kost að kanna greiðslugetu Svavars Sigurðssonar og að það hafi verið gert. M. a. hafi Kristinn Finnbogason, sem verið hafi trúnaðarmaður stefnanda, og raunar fleiri við viðskiptin tekið sér sérstakan frest í þessu skyni. Þá er því haldið fram, að sú staðreynd, að stefndi áritaði ekki víxlana, sýni, að hann sé ekki ábyrgur fyrir greiðslu þeirra. Vísað er til framburðar stefnda um, að hann hafi hvorki vitað um fjárhagslegar ástæður Svavars Sigurðssonar né sagt neitt um greiðslugetu hans. Jafnframt er því haldið fram, að það skapi ekki bótaábyrgð, þótt stefndi hefði viðhaft ummæli þau, sem eftir honum eru höfð af stefnanda og tveim vitnum, að Svavar Sigurðsson væri „gulltryggur maður“.

Slík ummæli séu yfirleitt engin ákvörðunarástæða um viðskipti, sízt í þessu tilviki, þar sem upplýst sé um sérstakar aðgerðir til að kanna ástæður samþykkjandans.

Til vara er því haldið fram, að ósannað sé í málinu, hvert tjón stefnanda hafi orðið af, að víxlarnir fengust ekki greiddir. Sé ljóst, að verð bifreiða í viðskiptum eins og þeim, sem fram fóru 4. marz 1959, ráðist m. a. af því, hvort víxlar séu hluti greiðslu.

Niðurstaða.

Aðiljar máls þessa gerðu ekki með sér samning um kaup og sölu bifreiða 4. marz 1959. Ef fallizt verður á kröfu stefnanda, hlýtur það þess vegna að byggjast á almennum reglum um skaðabætur utan samninga.

Telja verður sannað með framburðum Kristins Finnbogasonar og Ásgeirs Karlssonar, sem að þessu leyti fá stuðning í framburði stefnanda sjálfs og þeirri óumdeildu staðreynd, að báðir málsaðiljar áttu hlut að bifreiðaviðskiptum hjá sömu bifreiðasölu sama dag (4. marz 1959) og við sama mann (Ásgeir Karlsson), að stefnda hafi verið kunnugt um, að víxlar þeir, sem um ræðir í máli þessu, voru afhentir stefnanda.

Að þessu athuguðu þykir þurfa að taka afstöðu til, hvort stefnda hafi verið ljóst, þegar hann afhenti víxlana, að þeir væru lítils eða einskis virði, þar sem samþykkjandi þeirra, Svavar Sigurðsson, sem var eini víxlaskuldarinn, væri ógjaldfær. Telja verður nægilega sannað, að svo hafi verið, og byggist það á þremur ástæðum:

1. Stefndi hafði 3. febrúar 1959 fengið tékka að fjárhæð kr. 22.500.00 hjá Svavari Sigurðssyni. Við sýningu í banka 28. febrúar reyndist ekki vera næg innstæða fyrir tékkanum.

2. Svavar hefur borið, að stefnda hafi verið kunnugt um bágar fjárhagsástæður sínar. Svavar hefur skýrt þetta nánar og það nánar rakið hér á undan. Þótt viss atriði í skýrslum Svavars séu ekki fullkomlega glögg, þykja þær styrkja verulega það, sem ráðið verður af því, sem vitað er um áðurnefndan tékka, um vitneskju stefnda um fjárhag Svavars. Afstaða dómara til framburða Svavars og stefnda um þau atriði, sem þeir bera hvor sitt um, ræðst að nokkru af framkomu þeirra fyrir dómi.

3. Telja verður sannað með framburðum Kristins Finnbogasonar og Ásgeirs Karlssonar, sem að þessu leyti fá stuðning í framburði Bjarna Pálmarssonar og framburði stefnanda, að stefndi hafi neitað að gerast ábyrgðarmaður víxlanna. Þetta bendir til, að hann hafi talið það áhættusamt. Aðrar ástæður gætu þó legið

til grundvallar, en engu að síður styrkir þetta áðurnefnda niðurstöðu.

Óumdeilt er í málinu, að stefndi skýrði ekki stefnanda eða öðrum, er áttu hlut að viðskiptunum 4. marz 1959, frá því, að fjárhagsástæður Svavars Sigurðssonar væru slæmar. Því er hins vegar haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi hafi þvert á móti haldið því fram, að Svavar væri „gulltryggur maður“. Telja verður sannað, að ummæli í þessa átt hafi verið viðhöfð af stefnda, og byggist það á framburðum Kristins Finnbogasonar og Ásgeirs Karlssonar. Ef talið væri, að þetta væri ósannað, er þess að gæta, að ekki er fram komið, að aðstæður við samningsgerðina 4. marz 1959 hafi verið þannig, að stefnda hafi verið heimilt að láta hjá líða að skýra frá þekkingu sinni á fjárhag Svavars, sem óumdeilanlega var mjög bágur.

Þegar þess er gætt, sem telja verður sannað, að stefnda hafi verið ljóst 4. marz 1959, að víxlar hans, sem hann vissi, að stefnandi fékk, voru lítils eða einskis virði og að hann lét þó orð falla um, að Svavar mundi greiða víxlana, verður að telja, að stefndi hafi með saknæmum hætti bakað stefnanda tjón.

Vegna málsástæðna, sem fram hafa komið af hálfu stefnda, er þess að geta, að ummæli eins og þau, að tiltekinn maður sé „gulltryggður“, kunna almennt ekki að vera líkleg ákvörðunarástæða um viðskipti eða grundvöllur bóta. Hér stóð hins vegar svo á, að stefndi vissi betur, sbr. það, er áður greinir um það, er telja verður sannað. Ummælin ásamt öðru geta því leitt til bótaskyldu. Það er rétt, sem fram hefur komið af hálfu stefnda, að bifreiðaverð miðast á stundum við greiðsluaðferðir. Hins vegar liggur ekkert fyrir um, að svo hafi verið í viðskiptum þeim, sem stefnandi gerði 4. marz 1959, og mótmæli stefnda eru ekki rökstudd þannig, að ástæða hafi þótt til, að dómari ætti frumkvæði að því, að upplýsinga væri leitað um verðmæti bifreiðarinnar R 7189 4. marz 1959.

Samkvæmt því, er nú hefur verið greint, ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 30.000.00. Rétt er, að stefndi greiði almenna vexti hvers tíma af kr. 15.000.00 frá 20. apríl 1959 til 25. maí s. á., en síðan af kr. 30.000.00 til greiðsludags. Þá er og rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað. Með tilliti til þess, hve oft voru teknar skýrslur um atvik, og á hinn bóginn með tilliti til gjaldskrár lögmannna, þegar málið var höfðað, þykir málskostnaður vera hæfilega ákveðinn kr. 10.300.00.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Kjartan Blöndal, greiði stefnanda, Jóni Þór Ólafs-syni, kr. 30.000.00 ásamt 6% vöxtum p. a. af kr. 15.000.00 frá 20. apríl 1959 til 25. maí sama ár, 6% vöxtum p. a. af kr. 30.000.00 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, 9% vöxtum p. a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til 29. desember s. á., 7% vöxtum p. a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% vöxtum p. a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% vöxtum p. a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði stefndi stefnanda kr. 10.300.00 í máls-kostnað. Greiðslur þessar séu inntar af hendi innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. janúar 1968.

Nr. 187/1967. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Jóni Adolf Petersen (Árni Guðjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram fæðingarvottorð ákærða.

Er ákærði ók bifreið sinni, R 488, austur Miklubraut eftir nyrðri akrein á um 50 km hraða miðað við klukkustund, að því er hann ætlar, og nálgast mót Miklubrautar og Grens-ásvegar, kveðst hann hafa séð kyrrstæða vörubifreið á syðri akrein nyrðri akbrautar Miklubrautar og telur bifreið þessa hafa byrgt svo útsýn fyrir sér, að hann hafi ekki séð til lög-reglumanns þess, er var við umferðarstjórn á nefndum vega-mótum. Við gatnamótin kveðst ákærði hafa dregið úr hraða bifreiðar sinnar og ekið ótrauður yfir þau, þótt vörubifreiðin hafi byrgt honum útsýn, en eftir áreksturinn stöðvaðist bifreið hans ekki fyrr en um 36 metra frá árekstrarstað.